



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 19. febrúar 2019

USK2018100027

4.2.0

Skóla- og frístundaráð

***Brennanleg efni í byggingum í eigu Reykjavíkurborgar - Tilvísun í mál SFS2018100122.***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. október 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

"Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um bruna sem varð í Laugalækjarskóla. Hefur skóla- og frístundasvið upplýsingar um það hvort að brennanleg efni sé að finna í byggingum í eigu Reykjavíkurborgar. Er gerð úttekt á því þegar byggingum er skilað hvort að farið hafi verið eftir efnisvali samkvæmt reglugerðum og útboðslýsingu. Í Laugalækjarskóla átti samkvæmt útboðslýsingu að nota tregbrennanleg efni í klæðningu í stað þeirra voru krossviðarrenningar og pappi nýttur á húsið."

- Kveikt var í klæðningu utan á Laugalækjarskóla aðfaranótt 2. október 2018, með því að sprauta eldfimu efni undir klæðninguna og kveikja í því.
- Allar nýframkvæmdir og verkefni við endurbætur húsnæðis á vegum Reykjavíkurborgar skulu uppfylla kröfur byggingareglugerðar um brunatæknilega hönnun mannvirkja. Starfsfólki á skrifstofu framkvæmda og viðhalds er ekki kunnugt um nein tilvik þar sem ekki hefur verið farið að gildandi lögum og reglum við efnisval í nýbyggingum eða í viðhaldi fasteigna Reykjavíkurborgar. Þá fara fram reglulegar eldvarnarskoðanir á húsnæði borgarinnar. Ekki eru í notkun neinar byggingar á vegum borgarinnar sem ekki uppfylla kröfur eldvarnareftirlits um brunavarnir.
- Áður en byggingar eru teknar í notkun skal byggingarstjóri fá áfangaúttektir byggingafulltrúa á einstökum byggingarhlutum og áföngum m.a. á utanhússklæðningum. Ekki er heimilt að bygging sé tekin í notkun nema að fram fari lokaúttekt byggingafulltrúa að viðstöddum byggingarstjóra og fulltrúa eldvarnareftirlits.

- Viðbygging við Laugalækjarskóla var hönnuð og byggð á árunum 2002 - 2005. Byggingin er á einni hæð og tengist einnig hluta eldra húsnæðis, þar sem það er á einni hæð. Í gildi var byggingarreglugerð nr. 441 /1998.

Þar segir: 135.7 Yfirborðsflatir útveggja í einnar hæðar byggingum skulu uppfylla kröfur um klæðningar í flokki 2. Enn fremur var í gildi leiðbeiningarblað Mannvirkjastofnunar (þá Brunamálastofnunar) við grein 135.7.

Hefðbundnar timburklæðningar eru B-efni (brennanleg) og teljast til flokks 2.

Tengibygging var klædd með klæðningu í flokki 2 með zinc veðurkápu skv. leiðbeiningarblaði 135.7.BR1 sem var í gildi 2003 og er enn í gildi 2018. Telst þetta viðurkennd lausn. Skv. því telst óhætt að nota B-efni (t.d. timbur) með slíkri veðurkápu fyrir skólahúsnæði á einni hæð.

Við endurgerð klæðningar eftir brunann hefði því verið hægt að nota sömu útfærslu og áður en ákveðið var að breyta útfærslunni lítillega til að torvelða íkveikjur og minnka líkur á endurteknu tjóni. Því var í stað borðaklæðningar klætt með 22 mm Virocplötum (óbrennanlegt efni) upp í hæð 1,2 m frá jörð.



Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds